

Fæðuofnæmi; hvað ber framtíðin í skauti sér?

Í þessari grein er kynnt rannsókn sem nú fer fram á vegum Ofnæmisdeildar Landspítalans í Fossvogi. Rannsóknin nefnist FAST og stendur skammstöfunin fyrir “Food Allergy Specific Immune Therapy”. Markmið rannsóknarinnar er að þróa meðferð við fiskofnæmi.

Fæðuofnæmi er algengt, sérstaklega hjá börnum og birtist nýlega í blaðinu ítarleg grein um efnið eftir Micael Clausen. Um það bil 10% fullorðinna telja sig vera með fæðuofnæmi ef notaðir eru spurningalistar, en staðfest ofnæmi með jákvæðum húðprófum og/eða blóðprófum, er til staðar hjá 1-2% þeirra.

Ofnæmiseinkennin eru oftast væg og ekki lífshættuleg, en ofnæmi fyrir hnetum, ávöxtum, fiski og skelfiski getur þó valdið bráðaofnæmi, og í versta falli dauða. Einstaklingar með bráðaofnæmi fyrir fyrrgreindum fæðutegundum þurfa að forðast allan mat sem inniheldur fæðutegundina og vera með lyf við hendina til að draga úr einkennum ef óhapp á sér stað. Við bráðaofnæmi er notað adrealín, andhistamín og bólgueyðandi lyf.

Alvarlegt fæðuofnæmi veldur oft miklu álagi bæði hjá einstaklingnum sem og hjá foreldrum barna og unglunga. Einnig hefur þetta áhrif á leikskólum og í skólum, þar sem börnin borða oft hádegismat. Þetta ofnæmi eldist ekki af börnunum eins og oft á við um ofnæmi fyrir mjólk og eggjum.

Reynt hefur verið að afnæma á hefðbundinn hátt (allergen-specific immune therapy) einstaklinga með bráðaofnæmi fyrir mat en það gengið illa vegna aukaverkana í formi bráðaofnæmis! Nánar um afnæmingu má



María Ingibjörg
Gunnbjörnsdóttir MD, PhD
Sérfræðingur í lungna
og ofnæmislækningum

lesa í grein Björns Rúnars Lúðvíksonar sem birtist í síðasta tölublaði Astma- og Ofnæmisfélagsins. Í stuttu máli þá felur afnæming í sér að einstaklingurinn fær endurtekið, í stígandi skömmum, ofnæmisvakann gefinn með sprautum undir húð. Markmið FAST rannsóknarinnar er að þróa örugga og virka meðferð þar sem ofnæmisvakinn er sérsmíaður þannig að áhrif til afnæmingar eru til staðar, en sá hluti ofnæmisvakans sem ræsir ónæmiskerfið og kemur af stað bráðaofnæmi, er veiklaður (Hypoallergenic Recombinant Major Allergen=HRMA). Fisk og ávaxtaofnæmi orsakast af einum megin ofnæmisvaka sem heitir parvalbumin í fiski og lipid transfer protein í ávöxtum. Uppbygging þessara mólíkúla er vel þekkt og þess vegna er hægt að breyta byggingu þeirra og fá fram fyrrgreind áhrif. Þetta hefur ekki verið gert áður og því einstakt fyrir þessa rannsókn.

Í byrjum maí 2009 hefst fyrsti hluti rannsóknarinnar á Íslandi. Í þeim

hluta eru fimm einstaklingum með sögu um fiskofnæmi boðið að koma í viðtal, þar sem farið er í gegnum ofnæmiseinkenni þeirra. Einnig er gert húðpróf fyrir loftbornum ofnæmisvökum og fæðu, sérstaklega fyrir hinum ýmsum fiskitegundum. Þá er tekin blóðprufa og í henni mælt er sértækt IgE mótefni fyrir fiski. Einstaklingar með jákvæða sögu sem og jákvætt húðpróf og blóðpróf eru síðan boðaðir í tvíblint þolpróf fyrir fiski. Undanþegnir þolprófi eru einstaklingar sem hafa sögu um bráðaofnæmi fyrir fiski. Þeir einstaklingar sem reynast jákvæðir á þolprófi (fá ofnæmiseinkenni), gefa blóð og verða frumur úr blóði þeirra notaðar til að sérhanna veiklaða ofnæmisvaka (HRMA).

Visindalegt gildi rannsóknarinnar felst í því að þróa ofnæmisvaka fyrir fiski sem ræsir ónæmiskerfið sértækt og eykur þol einstaklingsins gegn ofnæmisvaknum, án þess að valda kröftugum ofnæmisviðbrögðum (bráðaofnæmi). Ef rannsóknin gengur vel mun opnast nýr og spennandi meðferðamöguleiki fyrir einstaklinga með fiskofnæmi. Hugsanlega er hægt að beita sömu aðferð við annað fæðuofnæmi og er í sömu rannsókn stefnt á að smíða samskonar ofnæmisvaka (HRMA) fyrir ferskjur, sem nota á til afnæmingar um munn. Það má hugsa sér að þessi meðferð geti aukið lífsgæði einstaklinga með fæðuofnæmi með því að auka þol þeirra gagnvart ofnæmisvaknum og draga þannig úr líkum á bráðaofnæmi. Þannig myndi þörfin á stöðugu aðgengi að lyfjum til meðferðar á bráðaofnæmi minnka.

En rannsóknir eru tímafrekar og flöskuhálsar margir áður en komið er að markaðssetningu nýrra aðferða og efna. Ekki er þó útilokað að fyrrgreind aðferð verði aðgengileg sem meðferð við fæðuofnæmi eftir 8-10 ár.

Rannsóknin fer fram í sex löndum og er styrkt af Evrópusambandinu.